

Fréttabréf Krílakots og Kátakots

Október 2014

Komið sæl

Það er með ólíkindum þessi veðurbliða sem hefur umleikið okkur það sem af er hausti og við kunnum sko að njóta. Útivera og hreyfing alla daga gefur lífinu lit. Lóðin okkar er vel nýtt enda hvetur hún okkur til leikja sem krefjast hreyfingar s.s. að þríla, klifra, brölta upp í mót og yfir urð og grjót.

Aðlögun er enn í fullum gangi í Krílakoti og eru nú þrjú börn byrjuð til viðbótar á Skýjaborg og bjóðum við þau hjartanlega velkomin..

Á fundum í leikskólunum í september kannaði ég áhuga foreldra og kennara á því hvort leikskólarnir ættu að leggja enn frekari áherslu á heilsuefingu og var ákveðið að fá kynningu á heilsustefnunni til okkar. Sigrún Hulda leikskólastjóri í Urðarhóli í Kópavogi kom til okkar á mánudaginn og kynnti heilsustefnunna, hvaða markmið og leiðir lagt er upp með og hvað skólar þurfa að gera til að geta gengið í samtökin. Allt starfsfólk leikskólanna var á fundinum og 8 foreldrar að auki. Fundurinn var góður og fengum við góða sýn á hvað það þýðir að ganga í samtökin.

Þessa vikuna eru börnin af Mánakoti í heimsóknunum í Krílakoti og mikið líf og fjör, leika sér aðeins inni, fá sér ávexti og svo í útiveru á eftir.

Samstarf heimilis og skóla er mikilvægt. Í október bjóðum við foreldrum að panta samtalið við deildarstjóra ef þeir vilja ræða líðan og gengi barna sinna. Foreldrasamtöl eru svo hjá öllum í febrúar til apríl ár hvert. Við minnum líka á að foreldrar geta ávallt hringt eða pantað viðtalstíma sé eitthvað sem þeir vilja ræða.

Bangsadagur verður 24 október.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Starfsmannahald

2014-2015

Skýjaborg—12 börn:

Arna, deildarstjóri
Gunná
Elva Ósk
Herdís

Skakkaland 19 börn:

Katrín Sif, deildarstjóri
Anna
Sylwia
Júlíana
Ásdís

Hólakot: 20 börn

Anna Lauga, deildarstjóri
Inga Siddý
Sigrún Ingibjörg
Dóra
Silvía

Mánakot: 20 börn

Ágústa, deildarstjóri
Pálína
Kristín
Einar Sigurgeir

Sólkot: 25 börn

María, deildarstjóri
Emmi
Dóra
Elsa Austfjörð

Eldhús og miðja


Halldóra matrúður Krílakoti
Margrét Lára aðstoðarmatrúður Krílakoti
Pura, sérkennsla í Kátakoti
Ása, starfsmaður í eldhúsi Kátakoti
Drífa, leikskólastjóri
Ágústa, aðstoðarleikskólastjóri.
Sigrún Björk flakkar í Krílakoti.



Grænfáninn

Í vetur ætlum við í Krílakoti að læra um dýrin, hvaða maturinn kemur, vatnið og hvaðan það kemur í kranann, hvað er hollt og hvað óhollt, mikilvægi hreinlætis og fleira. Í Mánakoti ætlum við að læra um Jóhann Svarfdæling og gamla tímann. Í Sólkoti ætlum við að læra um Dalvíkurskjálftann, áhrif hans, náttúrfræði og viðbrögð við jarðskjálftum.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Bílastæði

Bílastæðin eru lítil svo við þurfum að vanda okkur við að leggja og nýta stæðin sem best. Við minnum foreldra á að drepa á bílunum og að öryggisbúnaður fyrir börn skal vera samkvæmt reglugerðum.

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Á starfsmannafundi í byrjun október var fyrirlestur um uppbyggingarstefnuna og hvernig við getum haft jákvæðni og uppbyggingu að leiðarljósi við agastjórnum. Unnið verður markvisst með þennan þátt í vetur svo fylgist með fréttabréfunum.

Nú þurfum við að hjálpast að !!!!!

Bílaumferð við leikskólana er mikil rétt um átta á morgnana og svo seinni partinn um klukkan fjögur og hafa orðið skemmdir á bílum og jaðrað við slysum á gangandi og hjólandi vegfarendum. Bílastæðin eru fá við skólana svo við þurfum að vanda okkur við að leggja, keyra hægt inn á stæðin og fara varlega þar sem einnig eru gangandi vegfarendur í kringum skólana. Börnin eru smá, þau eru óútreiknanleg og geta hlaupið frá foreldrum sínum. Þegar bakkað er úr stæðum er mikilvægt að sýna varúð því lítið barn sést ekki frá speglum standi það fyrir aftan bílinn.



Við minnum foreldra einnig á að drepa á bílunum því púströrið er í hæð barnanna sem ganga fram hjá bílunum og fá þau því alla mengunina beint framan í sig á leið sinni í gegnum bílastæðin. Sé bíll í gangi á stæðunum fer mengunin einnig inn um opna glugga í leikskólunum sem skaðar heilsu barna og kennara.

Höfum við tækifæri til að ganga í leikskólann ??

Eitt af því sem við getum gert til að minnka bílaumferð við skólana er að ganga eða hjóla með börnin í leikskólann í stað þess að keyra á bíl. Þannig getum við dregið úr mengun og umferð í nágrenni leikskólans og þar af leiðandi dregið úr hættu á slysum. Með því að ganga í leikskólann fjölgar samsverustundum foreldra og barna og allir fá ljómandi góða hreyfingu í kaupæti.

Að leggja bílunum er í anda Grænfána og er heilsueflandi.

Öryggisbúnaður

Við viljum einnig benda á að öryggisbúnaður í bílum fyrir börn skal vera samkvæmt reglugerðum. Samkvæmt lögum eiga börn að vera með hjálma á hjólum enda mikið öryggistæki. Verði starfsfólk vitni að brotum er varðar öryggisbúnað þe. að börn eru ekki í tilheyrandi öryggisbúnaði í bíl eða á hjólum er það tilkynnt til barnaverndar.

Breyting á bílastæði við Kátakot

Bannað er að leggja bílum beint fyrir framan hliðið hjá Kátakoti til að skapa öryggi gangandi vegfaranda á leið sinni til og frá leikskóla. Við hvetjum foreldra til að nota stæðin handan götunnar.

Tónar eiga töframál

Við bendum líka á heimasíðu

<http://bor>

nogtonlist.net/

sem hefur að geyma marga þá söngva sem við syngjum með börnunum. Þar er að finna texta af mörgum þeim söngvum og einnig er stundum hægt að sjá myndskaið.

Við hvetjum foreldra til að kíkja á síðuna og jafnvel með börnunum því þau hafa virkilega gaman að því að horfa á myndskaiðin þar sem



Foreldrakaffi Krílakoti

Klukkan 08:15-9:15

14 október

Skýjaborg

15 október

Skakkalandi

16 október

Hólakoti



Foreldrafélag Krílakots

Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri)

Katla (Anton Andri og Arnór Atli)

Guðríður (Hákon Bragi)

Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Foreldraráð 2014-2015

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Pórlaug Diljá)

Karl (Bríet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)

Sunna (úlfur og Álfgrímur)

Myriam (Lea)

Ömmu og afakaffi í Sólkoti

Fimmudaginn 9 október klukkan 8:15

Heilsustefnan—rafræn könnun

Á fundi í gær kynnti Sigrún Hulda leikskólastjóri í Urðarhóli í Kópavogi heilsustefnunna. Allt starfsfólk var á fundinum og nokkrir foreldrar og var var kynningin mjög svo áhugaverð.

Við hvetjum foreldra til að kynna sér heilsustefnuna með því að fara inná eftirfarandi vefslóð:

<http://heilsustefnan.is/>

Á næstu dögum gerum við rafræna könnun fyrir starfsfólk og foreldra þar sem kannaður verður áhugi fyrir að fara á heilsuþraut og í kjölfarið ganga í samtök Heilsuleikskóla

